

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 11. október, kl. 9.08, var haldinn 207. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð, Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Sverrir Bollason, Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Áslaug María Friðriksdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Sævar Þór Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Sorpa**, fyrirætlanir Sorpu um vélræna flokkun plasts úr blönduðum úrgangi Mál nr. US170251
Kynntar fyrirætlanir Sorpu um vélræna flokkun plasts úr blönduðum úrgangi.
Frestað.
2. **Göngugötur vegna Iceland Airwaves 2017**, Mál nr. US170308
tillaga
Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. október 2017, þar sem lagt er til að eftirfarandi götur í miðborg Reykjavíkur verði gerðar að göngugötusvæði dagana 1. til 5. nóvember 2017 vegna hátíðarinnar Iceland Airwaves:
Laugavegur og Bankastræti, frá Vatnsstíg að Þingholtsstræti. Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Bankastrætis. Pósthússtræti, milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis. Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólafur Ingibergsson sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Borgarhönnun**, starfsáætlun Mál nr. US170309
Kynning á starfsáætlun Borgarhönnunar.
Kynnt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Torg í biðstöðu**, kynning Mál nr. US170310
Kynning á stöðu verkefnisins Torg í biðstöðu.
Kynnt.

Ólafur Ingibergsson sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Moving Reykjavík**, kynning Mál nr. US170279
Kynning á verkefninu Moving Reykjavík.
Kynnt.

(A) Skipulagsmál

6. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerðir Mál nr. SN010070
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 6. október 2017.
7. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4**, nýtt (04.0) Mál nr. SN170087
deiliskipulag

Kynnt drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. október 2017 sem unnin er af Arkís, Verkís og Landslagi, vegna gerðar deiliskipulags fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Kynnt.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri og Björn Guðbrandsson arkitekt, Þráinn Hauksson landslagsarkitekt og Anna Guðrún Stefánsdóttir verkfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Hraunbær-Bæjarháls**, breyting á aðalskipulagi, breytt landnotkun og fjölgun íbúða Mál nr. SN160849
- Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. september 2017, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í breytingu á landnotkun og fjölgun íbúða við Hraunbæ-Bæjarháls.
- Samþykkt að kynna drög að tillögu, sbr. 2. mgr., 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Drögin verði send á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, hverfisráð Árbæjar, svæðisskipulagsnefnd og aðliggjandi sveitarfélög.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík**, breyting á aðalskipulagi Mál nr. SN170737
- Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. október 2017, vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík.
- Samþykkt skv. 1. mgr. 30. gr og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. sbr. einnig lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
- Verklýsing verði send á eftirfarandi aðila: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, hverfisráð Grafarvogs, hverfisráð Kjalarness, íbúasamtök Kjalarnes, Mosfellsbæ, íbúasamtök Leirvogstungu, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes, Kjósarhrepp, Minjastofnun Íslands, Faxaflóahafnir, Sorpu, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Vegagerðina, Samgöngustofu, Orkustofnun, Veðurstofuna, Veitur og Borgarsögusafn.
- Vísað í borgarráð

Magnea Guðmundsdóttir vikur af fundi undir þessum lið

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsb**, breyting á deiliskipulagi - heimildir um íbúðarhúsnæði Mál nr. SN170741
- Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. október 2017, vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir miðsvæði M2c-M2g, Múlar-Suðurlandsbraut, varðandi heimildir um íbúðarhúsnæði.
- Framlögð verklýsing aðalskipulagsbreytingar, samþykkt, sbr. 1. mgr. 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Verklýsing verði send á eftirfarandi aðila: Hverfisráð Laugardals, Hverfisráð Háaleitis og Bústaða, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og Skipulagsstofnun.
- Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Alþingisreitur**, breyting á deiliskipulagi (01.141.1) Mál nr. SN170734
510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 150 Reykjavík

690906-1390 Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
 Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar, mótt. 4. október 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að skilmálum verður breytt í samræmi við vinningstillögu í hönnunarsamkeppni um nýbyggingu Alþingis, varðandi hæðir og lögun nýbygginga, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Batterísins Arkitekta ehf., dags. 4. október 2017. Einnig er m.a. gert ráð fyrir að byggja litla tveggja hæða byggingu á mótum tengiganga sunnan Kirkjustrætis 10A, auk þess sem fallið verður frá því að gera sýnilegar þær fornminjar, sem búið er að fjarlægja, en varðveittar fornminjar verða áfram í núverandi kjallara Kirkjustrætis 4. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 25. ágúst 2017, varðandi fornleifar. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
 Vísað til borgarráðs.

Kl. 12:20 vikur Sævar Þór Jónsson af fundi, þá var jafnframt búið að kynna lið nr. 17 á fundinum.

12. **Frakkastígur - Skúlagata**, breyting á (01.15) Mál nr. SN140664
 deiliskipulagi
 Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis. Um er að ræða tæplega 1 hektara svæði sem nær yfir óbyggða lóð á horni Skúlagötu og Frakkastígs og óbyggt borgarland milli Skúlagötu og Sæbrautar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. umhverfis- og skipulagssviðs og VA arkitektadags, dags. 3. október 2017.
 Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
 Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Suður Mjódd**, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN160527
 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
 530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 29. júní 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst breytingar á íþróttasvæði ÍR, breytingar á lóðum við Árskóga 1-7, breytingar á lóð Álfabakka 2, lagnakvöðum á öllu svæðinu o.fl. Einnig er gert ráð fyrir nýrri verslunar- og þjónustulóð á norðvestur hluta svæðisins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 27. apríl 2017. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Steindór Einarsson f.h. Húsanna í bænum ehf. dags. 31. júlí 2017, Þórey S. Guðmundsdóttir, Aðalsteinn Kjartansson og Eiríkur Sævaldsson f.h. stjórnar húsfélagið Árskógum 6 og 8, dags. 11. ágúst 2017, ásamt undirskriftarlista, Ólafur Gylfason, dags. 14. ágúst 2017, Hróbjartur Jónatansson, dags. 15. ágúst 2017, Pétur Valdimarsson, dags. 17. ágúst 2017 og Félag eldri borgara og Gísli Jafetsson, dags. 17. ágúst 2017. Einnig eru lagðir fram uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf., dags. 27. apríl 2017, lagf. 28. september 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. september 2017.
 Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2017.
 Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdis Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

14. **Borgartún 34-36**, breyting á deiliskipulagi (01.232.0) Mál nr. SN160893
 410166-0389 Guðmundur Jónasson ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogur
 450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 16. ágúst 2017, þar sem óskað eftir gögnum til að geta tekið afstöðu til erindisins. Einnig er lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 25. september 2017, uppdr. Atelier arkitekta slf., dags. 7. mars 2017, lagf. 28. september 2017, og minnisblað skipulagsfulltrúa, dags. 29. september 2017.

Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. 29. september samþykkt.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Gamla höfnin - Allianz reitur**, breyting á (01.0) Mál nr. SN160673
deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar fyrir lóðina nr. 2 við Grandargarð, Allianz reit. Breytingin felur í sér stækkun á lóðarmörkum og byggingarreit á lóðinni, aukningu byggingarmagns og skilgreiningu á gististarfsemi á efri hæðum og verslun og þjónustu á jarðhæðum, samkvæmt uppdr. Basalt arkitekta ehf., dags. 29. maí 2017. Einnig er lagt fram minnisblað Haralds Ólafssonar veðurfræðings, dags. 12. október 2016. og umsögn Faxaflóahafna sf., dags. 20. janúar 2017. Lagður fram tölvupóstur Faxaflóahafna, dags. 13. júlí 2017 og tölvupóstur Kristjáns Gíslasonar, dags. 23. júlí 2017, þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Tillagan var auglýst frá 20. júní 2017 til og með 10. ágúst 2017. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir. Jón Vilhelmsson, dags. 25. júlí 2017, Pétur B. Lúthersson og Birgitte Lúthersson-Pat, dags. 26. júlí 2017, Anna Sigurðardóttir og Guðmundur Björnsson, dags. 28. júlí 2017, Sigríður Hanna Jóhannesdóttir, dags. 28. júlí 2017, Sigrún Sæmundsen, dags. 31. júlí 2017 ásamt umsögn húsfélagsins að Mýrargötu 26, dags. 28. júlí 2017, Húsfélagið Mýrargötu 26, dags. 31. júlí 2017, Sigurður Haraldsson og Steinunn Sigurðardóttir, dags. 31. júlí 2017, Ásgeir Guðmundsson og Gróa Friðgeirsdóttir, dags. 31. júlí 2017, Árni Möller og Signý Pálsdóttir, dags. 31. júlí 2017, Helga Bragadóttir og Jóhann Sigurjónsson, dags. 1. ágúst 2017, Pétur Þormóðsson, dags. 1. ágúst 2017, Guðmundur Þorsteinsson, dags. 1. ágúst 2017, Faxaflóahafnir, dags. 9. ágúst 2017, 10 íbúar Grandagarði 1-13, dags. 10. ágúst 2017 og Ágústa Hreinsdóttir f.h. Sögusafnsins ehf., dags. 10. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 21. ágúst 2017, uppdr. Basalt arkitekta ehf., dags. 29. maí 2017 lagf. 29. september 2017, og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 29. september 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2017.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

16. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 945 frá 10. október 2017.

(C) Fyrirspurnir

17. **Nýr Landspítali við Hringbraut**, (fsp) (01.19) Mál nr. SN170722
breyting á deiliskipulagi

500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Kynnt fyrirspurn Helgu Bragadóttur f.h. Nýs Landspítala ohf., dags. 2. október 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut sem felst í að breyta byggingarreitum meðferðarkjarna 21 og 21A, samkvæmt uppdr. SPITAL ehf., dags. í október 2017. Einnig er lögð fram greinargerð Nýs Landspítala, dags. í október 2017.

Kynnt.

Sverrir Bollason vikur af fundi undir þessum lið.

Helga Bragadóttir, arkitekt, Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt, Ásdís Ingvarsdóttir, arkitekt, Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt, og Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

18. **Ársfundur náttúruverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2017**, bréf Mál nr. US170307
Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 9. október 2017, varðandi ársfund Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og náttúrustofa. Sem haldinn verður fimmtudaginn 9. nóvember 2017 á Akureyri.
19. **Umhverfis- og skipulagssvið**, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118
Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í ágúst 2017.
20. **Laugavegur 59**, breyting á deiliskipulagi (01.173.0) Mál nr. SN170644
550570-0259 Vesturgarður ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra 28. september 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um synjun á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.1.73.0 vegna lóðar nr. 59 við Laugaveg.
21. **Bíldshöfði 18**, breyting á deiliskipulagi (04.065.0) Mál nr. SN170477
640406-1350 Riverside ehf., Logafold 144, 112 Reykjavík
460907-0550 Teiknir ehf., Logafold 144, 112 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra 28. september 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um synjun á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bíldshöfða 18.
22. **Vogabyggð svæði 1**, nýtt deiliskipulag, Mál nr. SN140215
Gelgjutangi
Lagt fram bréf borgarstjóra 28. september 2017, um samþykki borgarráðs s.d. á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Vogabyggð svæði 1, Gelgjutangi.
23. **Heklureitur**, lýsing Mál nr. SN170017
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi lýsingu á nýju deiliskipulagi fyrir Heklureit.
24. **Úlfarsárdalur**, deiliskipulag (02.6) Mál nr. SN160431
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals.
25. **Hlíðarendi**, breyting á deiliskipulagi (01.62) Mál nr. SN170625
470916-0440 Performa ehf., Einilundi 8, 210 Garðabær
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda svæði reitum C, D og F.
26. **Þ59 Sprengisandur**, deiliskipulag (01.826.1) Mál nr. SN150638
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi Þ59 Sprengisandur.
27. **Suðurlandsbraut 12**, breyting á deiliskipulagi (01.263.0) Mál nr. SN170509
450310-0340 Reykjavík Lights Hotel ehf., Iðalind 2, 201 Kópavogur

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi lóðar númer 12 við Suðurlandsbraut.

28. **Laugavegur 105**, breyting á deiliskipulagi (01.240.0) Mál nr. SN170576
510612-0780 Hostel LV 105 hf., Laugavegi 105, 105 Reykjavík
470105-2160 Plan 21 ehf, Álakvísl 134, 110 Reykjavík
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi synjun á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 105 við Laugaveg.
29. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030**, (01.242) Mál nr. SN170715
Laugavegur-Skipholt, reitur 25, breyting á
aðalskipulagi, verklýsing
Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. október 2017, um samþykki borgarráðs s.d. varðandi verklýsingu á breytingu á aðalskipulagi vegna Laugavegar - Skipholts (reitur25).

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13.35

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Áslaug María Friðriksdóttir

Sverrir Bollason
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 10. október kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 945. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Árskógar 1-3** Mál nr. BN053646
490486-3999 Félag eldri borgara, Stangarhyl 4, 110 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir uppsteypu á veggjum og plötu á 2. og 3. hæð fjölbýlishúsa á lóð nr. 1-3 við Árskóga sbr. BN051288
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. **Ásvallagata 15** (01.162.302) 101275 Mál nr. BN053136
680794-2009 Ásvallagata 15, húsfélag, Ásvallagötu 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að steypa svalir með stálhandriðum á garðhlið og síkka gluggagöt til að koma fyrir hurð út á svalirnar á íbúðum 0201 og 0301 í húsinu á lóð nr. 15 við Ásvallagötu.
Samþykki meðeigenda dags. 25. júní 2017 fylgir.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. október 2017 fylgir erindinu.
Erindi var grenndarkynnt frá 31. ágúst 2017 til og með 28. september 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 13 og 17 og Blómvallagötu 11.
Engar athugasemdir bárust.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
3. **Bankastræti** (01.170.-99) 101318 Mál nr. BN053582
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

711003-2070 Prikið ehf, Bankastræti 12, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta sýningarými í gömlu karlasnyrtingunum á lóð nr. 0 við Bankastræti.
Umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 20.09.2017 fylgir erindi, ásamt bréfi hönnuðar dags. 26.09.2017 og umsögn Minjastofunnar Íslands dags. 02.10.2017.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

4. **Bergstaðastræti 13** (01.180.309) 101720 Mál nr.
BN053051
571215-0470 Jubileum ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
630707-1020 B13 ehf., Skútuvogi 11a, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund A fyrir 55 gesti í rými 0102 á 1. hæð í húsi á lóð nr. 13 við Bergstaðastræti.
Bréf hönnuðar dags. 11. júlí 2017 og 6. sept. 2017 fylgir. Samþykki formanns húsfélagsins Bergstaðastræti 13 fylgir vegna gasskáps á lóð og fjölgunar salerna dags. 11. júlí 2017.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

5. **Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr.
BN053578
650705-0410 Gamma ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053000, m.a. er breytt innra fyrirkomulagi í veitingasal og björgunarop og fellistigi færður, í veitingastað í flokki II, teg. c á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Þinglýsa skal kvöð fyrir útgáfu byggingarleyfis um að óheimilt sé að byrgja fyrir glugga. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

6. **Bíldshöfði 12** (04.064.101) 110669 Mál nr.
BN053621
480911-0400 Ormsvöllur ehf., Pósthólf 288, 172 Seltjarnarnes
Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofur á 3. og 4. hæð ásamt því að byggja flóttastiga og flóttasvalir á austurgafli og gera björgunarop og flóttasvalir á langhliðum í húsi á lóð nr. 12 við Bíldshöfða.
Stækkun B-rými x ferm., x rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísad til athugasemda.

7. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr.
BN053558
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta þjónustu- og skrifstofurými með alls 117 vinnustöðvum á 7., 8. og 9. hæð í mhl. 06, ásamt framreiðslueldhúsi og matsal á 8. hæð í húsi á lóð nr. 4 við Katrínartún.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. **Breiðholtsbraut - Norðurfell**

Mál nr.

BN053609

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja hjóla- og göngubrú yfir Breiðholtsbraut og tengir Norðurfell og Seljabraut/Engjasel.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

9. **Brekkugerði 9**

(01.804.203) 107735

Mál nr.

BN053258

021055-4259 Sigurjón Björnsson, Skipholt 15, 105 Reykjavík

540187-1509 Inex ehf., Skipholti 15, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 5,4 fm tæknirými undir útitröppum ásamt því að skipta eign í tvö fastanúmer, auk áðurgerðra breytinga sem felast í því að stigi milli kjallara og efri hæðar hefur verið lokaður af, hringstigi fjarlægður og byggðar svalir með tröppur niður í garð í húsi á lóð nr. 9 við Brekkugerði.

Stækkun A-rými 5,4 ferm., 13,9 rúmm.

Sjá fyrirspurn BN052634.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. **Döllugata 11**

(05.113.102) 214842

Mál nr.

BN053625

111189-2699 Jónas Páll Viðarsson, Trönuhjalli 19, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 11 við Döllugötu.

Stærð, A-rými: 294,5 ferm., 1.015,4 rúmm.

B-rými: 53 ferm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

11. **Fiskislóð 1**

(01.089.501) 203587

Mál nr.

BN053530

411009-2110 DGV ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051969 þannig að milligólf breytist og innréttuð sjúkraþjálfunarstofa, nýtt stigahús gert, svalir minnkaðar, flóttastigi færður til á norðurhlíð og hætt við veitingarekstur í húsi á lóð nr. 1 við Fiskislóð.

Bréf frá burðarþolshönnuði vegna breytinga dags. 14. september 2017, bréf hönnuðar dags. 20. september 2017 og greinargerð um brunavarnir dags. 12. september 2017.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

12. Frakkastígur 8

(01.172.109) 101446

Mál nr.

BN053567

500613-0170 Blómaþing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta matshlutaskiptingu vegna gerðar eignaskiptasamnings, sjá stofnerindi BN047643, BN048776 og BN050783, ásamt því að gerð er grein fyrir tilfærslu á veggja milli matshluta á lóð nr. 8 við Frakkastíg.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

13. Framnesvegur 30

(01.133.245) 100274

Mál nr.

BN053557

071157-5129 Jóna Björgvinsdóttir, Smáragata 5, 900 Vestmannaeyjar

Sótt er um leyfi til að setja þakglugga á snyrtingu á 3. hæð í húsi nr. 30 á lóð nr. 28-30 við Framnesveg.

Erindi var áður samþykkt sem BN048418. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. júní 2017 og 5. október 2017.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Freyjubrunnur 13

(02.695.705) 205729

Mál nr.

BN053435

631203-3290 Þver ehf., Skipholti 50B, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteyppt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 13 við Freyjubrunn.

Stærð, A-rými: 237,5 ferm., 732 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.
Vísað til athugasemda.

15. **Gissurargata 7** (05.113.704) 214852 Mál nr.
BN053477
011062-3699 Guðmundur Karl Bergmann, Hverafold 27, 112 Reykjavík
220663-7799 Hugrún Davíðsdóttir, Hverafold 27, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús úr timbri á steiptum kjallara á lóð nr. 7 við Gissurargötu.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.
Stærð, A-rými: 258,2 ferm., 881,6 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
16. **Gylfaflöt 1** (02.575.101) 173533 Mál nr.
BN053573
590269-1749 Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja litla viðbyggingu á suðurhlið söluskála og fjölga bílalúgum í húsi á lóð nr. 1 við Gylfaflöt.
Stækkun A-rými 2,4 ferm., x rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. **Gylfaflöt 10** (02.578.401) 224864 Mál nr.
BN053470
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði með millilofti úr forsteiptum einingum með léttu sperrupaki á lóð nr. 10 við Gylfaflöt.
Bréf hönnuðar dags. 29. ágúst 2017 fylgir.
Stærðir: 1.640,9 ferm., 10.121,3 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. **Gylfaflöt 20** (02.576.303) 179493 Mál nr.
BN053599
440510-1400 EG bókhald ehf, Gylfaflöt 20, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og milligólfi í rými 0101 í atvinnuhúsi á lóð nr. 20 við Gylfaflöt.
Stækkun: 32,1 ferm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Umsækjandi hafi samband við byggingarfulltrúaembættið og óski eftir húsaskoðun.
19. **Gylfaflöt 6** (02.578.203) 224862 Mál nr.
BN053174
430304-3640 Landslagnir ehf., Lautarvegi 30, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhús, eina hæð með milligólfi úr forsteiptum einingum á lóð nr. 6 við Gylfaflöt.
Stærð: 921,1 ferm., 6.059,7 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda.

20. **Hafnarstræti 19**
BN053494

(01.118.503) 100099 Mál nr.

700104-2650 Suðurhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048059 þannig að verslunarrými 0101 er skipt upp, salernum fjölgað, útihurðum á suðurvestur hlið er víxlað og fjölgað er útihurðum á norðausturhlið hússins á lóð nr. 19 við Hafnarstræti.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

21. **Hagatorg 1**
BN053589

(01.55.-.97) 106504 Mál nr.

650893-2989 Bændahöllin ehf., Hagatorgi 1, 107 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN052807 sem felst í því að súlur á 1. hæð eru fjarlægðar, 4 metra háum loftræstiturni komið fyrir við norðurhlið þar sem áður var gaskútageymsla og gaskútageymsla færð til austurs í húsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

22. **Hátún 21**
BN053592

(01.235.014) 102937 Mál nr.

060164-2749 Þórunn Guðný Tómasdóttir, Hátún 21, 105 Reykjavík
300889-2399 Karl Dietrich Roth Karlsson, Bárugata 15, 101 Reykjavík
Sótt er um að stækka pall á útitröppum að íbúð á efri hæð og nýta einnig sem svalir í húsi á lóð nr. 21 við Hátún.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

23. **Hlíðarendi 6-10**
BN053574

(01.628.801) 106642 Mál nr.

670269-2569 Knattspyrnufélagið Valur, Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja tvöfalda hurð á norð- vesturhlið gamla íþróttasalarins sem nota á sem flóttaleið úr salnum á lóð nr. 2-6 við Hlíðarenda.

Bréf frá hönnuði dags. 20. sept. 2017 umsögn verkfræðistofu Eflu dags. 22 sept. Umsögn brunahönnuðar dags. Sept. 2017 fylgir erindinu.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

24. **Hraunteigur 3** (01.360.205) 104520 Mál nr.
BN053466

020563-3899 Stefán Jökull Sveinsson, Furuhjalli 1, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með sambyggðri bílgeymslu á lóð nr. 3 við Hraunteig.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. september 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2017.

Stærð: 322,2 ferm., 1.099,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Sækja skal um byggingarleyfi fyrir niðurrífi eldra húss fyrir útgáfu byggingarleyfis.

